

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/70/11

frá 17. nóvember 2010

um breytingu á viðaukunum við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á Eistlandi, Lettlandi og sjálfstjórnarfylkinu Baleareyjum, Spáni, sem svæðum sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) og um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Eistland sé opinberlega laust við berkla og öldusótt að því er varðar nautgripahjarðir

(tilkynnt með númeri C(2010) 7856)

(2010/695/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín⁽¹⁾, einkum 4. lið. I. liðar viðauka A og 7. lið II. liðar viðauka A,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur⁽²⁾, einkum II. lið 1. kafla viðauka A.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 91/68/EBE eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að aðildarríki eða svæði í aðildarríki geti verið viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt.
- 2) Í viðaukunum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE frá 21. desember 1992 um staðfestingu á því að tiltekin aðildarríki eða héruð fullnægja skilyrðum vegna öldusóttar (*B. melitensis*) og um viðurkenningu þeirra sem aðildarríkja eða héraða sem eru opinberlega laus við sjúkdóminn⁽³⁾ eru skráð þau aðildarríki og svæði þeirra sem eru opinberlega viðurkennd sem laus við öldusótt (*B. melitensis*) í samræmi við tilskipun 91/68/EBE.
- 3) Eistland og Lettland hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn þar sem sýnt er fram á að skilyrði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/68/EBE séu uppfyllt, svo þau ríki verði viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) að því er varðar allt yfirráðasvæði þeirra.
- 4) Í kjölfar mats á gögnunum sem Eistland og Lettland lögðu fram skal viðurkenna bæði aðildarríkin sem opinberlega laus við þann sjúkdóm. Því ber að breyta I. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE til samræmis við það.

5) Spánn hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn þar sem sýnt er fram á að sjálfstjórnarhéraðið Baleareyjar uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/68/EBE, svo það svæði á Spáni verði viðurkennt sem opinberlega laust við öldusótt (*B. melitensis*).

6) Í kjölfar mats á gögnunum sem Spánn lagði fram, skal viðurkenna sjálfstjórnarhéraðið Baleareyjar sem opinberlega laust við þann sjúkdóm. Því ber að breyta II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE til samræmis við það.

7) Tilskipun 64/432/EBE gildir um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að lýsa megi aðildarríki opinberlega laust við berkla og opinberlega laust við öldusótt að því er varðar nautgripahjarðir.

8) Í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum⁽⁴⁾ er skrá yfir þau aðildarríki sem eru opinberlega lýst laus við berkla og opinberlega laus við öldusótt, eftir því sem við á.

9) Eistland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE, fyrir því að vera lýst opinberlega laust við berkla og opinberlega laust við öldusótt, eru uppfyllt að því er varðar allt yfirráðasvæðið þess aðildarríkis.

10) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Eistland lagði fram, skal lýsa það aðildarríki opinberlega laust við berkla og opinberlega laust við öldusótt. Því ber að breyta I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.

11) Því ber að breyta ákvörðunum 93/52/EBE og 2003/467/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 303, 19.11.2010, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 18.

(¹) Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

(²) Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19.

(³) Stjtið. EB L 13, 21.1.1993, bls. 14.

(⁴) Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við ákvörðun 93/52/EBE er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 93/52/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

*„I. VIÐAUKI***Aðildarríki sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)**

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Lýðveldið Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
EE	Eistland
IE	Írland
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
HU	Ungverjaland
NL	Holland
AT	Austurríki
PL	Pólland
RO	Rúmenía
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Breska konungsríkið

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi yfirskrift bætist við:

„Svæði í aðildarríkjum sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)“,

b) í stað færslunnar fyrir Spán komi eftirfarandi:

„Á Spáni:

— Sjálfstjórnarhéraðið Baleareyjar,

— Sjálfstjórnarhéraðið Kanaríeyjar: Sýslan Santa Cruz de Tenerife, Las Palmas.“

I. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 93/52/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

*„I. VIÐAUKI***Aðildarríki sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)**

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Lýðveldið Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
EE	Eistland
IE	Írland
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
HU	Ungverjaland
NL	Holland
AT	Austurríki
PL	Pólland
RO	Rúmenía
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Breska konungsríkið

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi yfirskrift bætist við:

„Svæði í aðildarríkjum sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)“,

b) í stað færslunnar fyrir Spán komi eftirfarandi:

„Á Spáni:

— Sjálfstjórnarhéraðið Baleareyjar,

— Sjálfstjórnarhéraðið Kanaríeyjar: Sýslan Santa Cruz de Tenerife, Las Palmas.“